

Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið
Stillholti 16-18
300 Akranes

Reykjavík 30.maí 2018
UST201802-352/K.S.J.
10.04.02

Efni: Lýsing. Aðalskipulag Akraness 2005 - 2017 - Grenjar - breyting

Vísað er til erindis skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar er barst 28. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005 – 2017 á svæði Grenja H3 sem er hafnarsvæði. Vegna mistaka var erindinu ekki svarað fyrr, og er beðist velvirðingar á því.

Í lýsingu kemur fram að tillagan nær yfir svæði skipasmíðastöðvar við Lambhúsasund og dráttarbraut ásamt mannvirkjum. Einnig kemur fram að ofangreint skipulagssvæði liggur að hverfisverndarsvæði Hv2, ströndin, Prestahúsahlein – Krókalón, en hverfisverndarsvæðið ásamt friðlandinu í Blautósi og Innstavogsnesi N1 og hverfisverndarsvæði Hv1 mynda samfellt verndarsvæði með norðurströnd bæjarlandsins.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að ekki verði gengið á verndar- og útvistargildi hverfisverndarsvæðis/ströndinni að Krókalóni.

Landfylling og framkvæmdir

Í lýsingu kemur fram að áætlað er að stækka byggingar um 4000 m² og að landfyllingar verði 1.2 – 1.3 ha. Einnig kemur fram að ströndin að Krókalóni er nú þegar manngerð með landfyllingu og nýlegum sjóvarmargarði. Einnig kemur fram að þess verði gætt að landfyllingar og landmóton falli sem best að landslagi og umhverfi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að um leið og hugað er að landfyllingu vegna iðnaðarstarfsemi þá verði einnig hugsað um útvistargildi svæðisins og fyllingum hagað þannig að svæðið geti nýst útvistinni sem best.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir að öðru leyti.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur